

## Fundur rekstarnefndar Klausturhóla 15/3 2016

Mætt eru á fundinn Kjartan Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Einar Bárðarson. Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri, Rannveig Bjarnadóttir fulltrúi starfsmanna og Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.

1. a). Uppsögn Hjúkrunarforstjóra. Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 29/2 2016. Anna Gyða hefur 3ja mánaða uppsagnafrést og gefur kost á því að vinna út uppsagnafréstinn.  
b) Umræður um breytingar á skipulagi/ skipuriti innan hjúkrunarheimilissins. Rekstarnefnd samþykkir að skipa Formann nefndarinnar auk sveitarstjóra og Hjúkrunarforstjóra til að fara yfir starflýsingu Hjúkrunarforstjóra og hjúkrunarfraeðings á Klausturhólum með tilliti til skipulagsbreytinga.  
c). Sigurlaug Jónsdóttir lýsir vanhæfi við afgreiðslu nefndarinnar. Nefndin samþykkir að fela formanni nefndarinnar og sveitarstjóra að ræða við starfandi hjúkrunarfræðing Klausturhóla um að taka að sér stöðu Hjúkrunarforstjóra tímabundið til eins árs meðan rekstrarnefnd fer yfir skipulag og skipurit Hjúkrunarheimilissins Klausturhóla.
2. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Anna Gyða fer yfir starfsmannamál heimilissins. Ljóst er að starfsfólk vantar við umönnun á heimilið á haustdögum. Mönnun heimilissins er nánast lokið fyrir sumarið en ljóst er að húsnaði vantar fyrir starfsfólk.  
Hjúkrunar og dvalarrými heimilissins eru fullnýtt eins og staðan er í dag.
3. Staða vinnustaðaráðgjafar. Hjúkrunarheimilið tók þátt í vinnustaðagreiningu Skaftárhrepps á haustdögum 2015. Sveitarstjóri fer yfir niðurstöður greiningarinnar á Klausturhólum.  
Hjúkrunarforstjóri hefur þegar farið yfir niðurstöður vinnustaðasálfræðiings með starfsfólk heimilissins og settu starfsmenn sér markmið til að framfylgja niðurstöðum vinnustaðagreiningarinnar. Hjúkrunarforstjóri telur að greiningin hafi haft jákvæð áhrif á starfsanda og samvinnu starfsmanna á hjúkrunarheimilinu.
4. Fjármál heimilissins. Farið yfir bráðabirgðaniðurstöður rekstrarreiknings ársins 2015. Útlit er fyrir að rekstur heimilissins sé jákvæður fyrir árið 2015 en endurskoðendur áætla að skila ársreiningi innan tíðar. Farið yfir 2 ja mánaða niðurstöður rekstrarreiknings og er reksturinn skv. áætlun.
5. Framkvæmdir á neðri hæð Klausturhóla. Vigfús Þór Byggingarfulltrúi Skaftárhrepps mætir á fundinn. Vigfús fer yfir teikningar og er að taka saman kostnað við framkvæmdina.  
Framkvæmdir hefjast innan tíðar.
6. Önnur mál  
Hjúkrunarheimilinu hefur borist arfur úr dánarbúi Málfríðar Pálsdóttur frá Seljalandi sem lést 21. Janúar 2016. Rekstrarnefnd er þakklát fyrir auðsýndan velvilja.  
Anna Gyða fer yfir óhapp sem átti sér stað á Klausturhólum og óskar í framhaldi eftir því að brunaæfing verði haldin sem fyrst með starfsfólk og heimilisfólk Klausturhóla. Einnig leggur Anna Gyða til að farið verði yfir ofna í húsinu í framhaldi af óhappinu.  
Anna Gyða fer yfir það að daggjöld fyrir hjúkrunarrymi eru lægri en þau hafa verið og er Anna Gyða að leita skíringa á því frá Velferðarráðuneytinu.

Svarbréf frá Sveitarstjórn dagsett 14/12 2015 vegna skuldar Klausturhóla við Skaftárhrepp. Svarbréf sveitarstjórnar dagsett 14/12 2015 Vegna erindis rekstrarnefndar, beiðni um framlag á móti leigu 2015. Sveitarstjórn samþykkir að veita Klausturhólum styrk sem samsvarar húsaleigu fyrir rekstrarárið 2015.

Rekstarnefnd þakkar sveitarstjórn velvilja hennar í garð Klausturhóla.

Umræður um þörf á kaupum á hljómborði/pianói í Kapelli Klausturhóla.

Sigurlaug leggur fram spurningu til sveitarstjóra um gangavistun vegna Klausturhóla.

Sveitarstjóri upplýsir að nú er verið að fara yfir gagnavistun Skaftárhrepps og óskar sveitarstjóri eftir því að rekstrarnefnd skili af sér fundargerð ásamt öllum fundargögnum til vistunar hjá Skaftárhreppi.

Fleira ekki gert á fundi. Fundi slitið 15:20.



Kjartan Magnússon



Elín Heiða Valsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigurlaug Jónsdóttir




Einar Bárðarson




Ragnheiður Símonardóttir



Anna Gyða Gunnlaugsdóttir



Rannveig Bjarnadóttir



Sandra Brá Jóhannsdóttir